


Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. mars 2011
Tilvisun: UST20110300058/ksj

Fyrirhugaðar virkjanir og raflínur í Skaftárhreppi. Sameiginlegt mat umhverfisáhrifa. Samráðsferli

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort framkvæmdirnar Búlandsvirkjun, Hólmsárvirkjun og raflínur þeim tengdar skuli hljóta málsmeðferð skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. fara í sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir

Þær framkvæmdir sem nú eru til skoðunar um hvort meta eigi sameiginlega, eru nánar tiltekið: 80 MW Hólmsárvirkjun í Skaftarhreppi, 150 MW Búlandsvirkjun í Skaftárhreppi og raflínur frá Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun að meginflutningskerfi Landsnets. Fram kemur í erindi Skipulagsstofnunar að innan skamms verði auglýst tillögur að matsáætlunum fyrir Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjun og að undirbúningur sé hafinn að tillögu að matsáætlun fyrir raflínur.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hafa í huga að ofantaldar virkjanir eru fyrstu stóru framkvæmdirnar á svæði sem er að miklu leyti ósnortið.

Hólmsárvirkjun

Samkvæmt greinargerð aðalskipulags Skaftárhrepps 2010 – 2022 er gert ráð fyrir 70 – 80 MW virkjun og 10 km² lóni og teknir eru 5 ha frá vegna stöðvarhúss. Áætluð aðrennslis og veitugöng eru 6500 m skurðir eru 500 m frárennslisgöng 1000 m og mesta hæð á stíflu 40 m. Alls er gert ráð fyrir að virkjunin nái yfir 1042 ha í aðalskipulagi.

Í umhverfisskýrslu er fylgir aðalskipulagi Skaftárhrepps kemur fram að á áætlanastigi eru umhverfisáhrif talin eftirfarandi:

Landslag: Stíflun Hólmsár við Atley mun valda sjónrænum áhrifum við lónstæðið, skurði og við frárennsli virkjunarinnar á Flöguvöllum. Neikvæð áhrif á víðernisupplifun verður vegna -

breyttrar ásýndar. Við virkjun mun sumarrennsli í Hólmsá neðan stíflustæðis minnka verulega og án yrði áberandi svipminni

Jarðfræði og jarðmyndanir: Hraun Hólmsárela og Eldgjár á láglendinu vestan Atleyjar fara undir lónið.

Gróðurfar og dýralíf: Gróið land fer undir lónið m.a. giljamóar og birkikjarr. Varp helsingja neðan við Hólmsárfoss verður fyrir áhrifum af miðlunarloni.

Vatnafar: Áhrif á vatnafar og rennsli nær til farvegar Hólmsár frá Hólmsárfossi að ármótum Hólmsár og Jökulkvíslar. Áhrif á grunnvatn vegna leka úr lóninu mun koma fram sem aukning í lindum á Mýrdalssandi. Grunnvatnsstaða í hraunum upp með Hólmsá og Jökulkvísl mun hækka.

Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að Hólmsárfoss mun verða fyrir umhverfisáhrifum virkjunarinnar, lónið verður nokkur hundruð metrum frá honum og mun hafa áhrif á upplifun ferðafólks af fossinum. Í áætluðu lónsstæði Hólmsárvirkjunar er birkikjarr og miðað við númerandi áætlanir munu alls 40 ha af birkikjarri fara undir lón Hólmsárvirkjunar skv. framkvæmdaaðila.

Búlandsvirkjun

Samkvæmt greinargerð aðalskipulags Skaftárhrepps 2010 – 2022 er gert ráð fyrir allt að 150 MW virkjun, 9,2 km² lóni og 5 ha eru teknir frá fyrir stöðvarhús. Áætluð aðrennslis- og veitugöng eru 3100 m og skurðir 500 m, frárennslisgöng 5800 m og mesta hæð á stíflum 68 m. Alls er gert ráð fyrir að virkjunin nái yfir 991 ha í aðalskipulagi.

Í umhverfisskýrslu er fylgit aðalskipulagi Skaftárhrepps kemur fram að á áætlanastigi eru umhverfisáhrif talin eftirfarandi:

Landslag: Stíflun Skaftár mun valda sjónrænum áhrifum við lónstæðið skurði og frárennslu virkjunarinnar. Nýjar háspennulínur frá stöðvarhúsi að Sigoldu norðan Kálfasléttina valda sjónrænum áhrifum. Neikvæð áhrif á víðernisupplifun verður vegna breyttrar ásýndar. Við virkjun mun sumarrennsli í Skaftá neðan stíflustæðis minnka.

Jarðfræði og jarðmyndanir: Hefur bein neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun.

Gróðurfar og dýralíf: Gróið land fer undirlónið m.a mosagróður og graslendi. Á virkjunarvæðinu verpa 24 tegundir fugla og eru 5 þeirra á válista.

Vatnafar: Frárennslisgöngin skila rennsli Búlandsvirkjunar út í Ása Eldvatn og því minnkar í kvísl.

Skaftár austur með Síðu sem gæti að óbreyttu haft neikvæð áhrif á læki í Landbroti og Meðallandi. Talið er að hægt sé að leysa þetta með byggini veitumannvirkja við Búland.

Rennsli í Tungufljóti minnkar. Í flóðum gæti jökulvatn úr miðlunarloni fallið til Tungufljóts um yfirfall.

Svæðið sem Búlandsvirkjun er áætluð á er að hluta til innan svæðis á náttúruminjaskrá, og nýtur hverfisverndar vegna Skaftáreldahrauns sem jafnframt heyrir undir 37.gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að Búlandsvirkjun mun hafa bein áhrif á Skaftáreldahraun en stofnunin hefur í sínum umsögnum ætíð bent á að vernda skuli Skaftáreldahraun í heild sinni, enda mesta hraun er runnið hefur úr einu gosi á heimsvísu og verndargildi þess því mikið.

Raflínur

Ef af framkvæmdum Hólmsárvirkjunar og Búlandsvirkjunar verður munu raflínur verða lagðar frá ofangreindum virkjunum að núverandi byggðarlínu.

Sameiginlegt mat

Í 5. gr laga nr 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er fjallað um matsskyldar framkvæmdir og þar segir í 2. mgr: „*Í heim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annari getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.*“

Að mati Umhverfisstofnunar eru ofangreindar tvær virkjanir ekki fyrirhugaðar á sama svæði, þ.e. þær rjúfa ekki sömu landslagsheildir, hafa ekki áhrif svæði á náttúruminjaskrá né rjúfa sameiginleg svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þó svo að hvor framkvæmd fyrir sig skerði svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Þar að auki er ekki um að ræða framkvæmdir sem eru háðar hvor annarri.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki nauðsynlegt að meta saman umhverfisáhrif Hólmsárvirkjunar og Búlandsvirkjunar skv. ákvæðum 2. mgr. 5 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur